

128

27. des.

10. gr.

Um tengigjöld til landssímans fer eftir því, sem 13. gr. laga um einkasíma í sveitum mælir fyrir. Stjórn félagsins ber ábyrgð á skilvisri greiðslu félagsmanna á öllum gjöldum til stöðvarstjóra landssímans.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 200.00, sem renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

Með mál út af brotum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

129

28. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 28. desember 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður prófastshjónanna Davíðs Guðmundssonar og Sigríðar Ólafsdóttur, og er stofnaður til minningar um prófastshjónin á Hofi í Möðruvallaklausturssókn í tilefni af aldarafmæli síra Davíðs Guðmundssonar, 15. júní 1934, af gjöf Hannesar Davíðssonar, Hofi, að upphæð 10.000 — tíu þúsund — krónur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins og annað fé, er honum kynni að áskotnast, má ekki skerða, enda engu úr sjóði þessum verja fyr en á aldarafmæli frú Sigríðar Ólafsdóttur, 19. maí 1939. Eftir þann tíma má verja öllum vaxtatekjum sjóðsins frá upphafi, annaðhvort árlega eða samandregnum, til að styðja hverskonar þörf búnaðarmálefni á sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

3. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar, en hverju búnaðarfélagi, sem er í Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, er heimilt að gera tilögur um hvernig verja skuli vöxtum sjóðsins, svo og aðalfundi sambandsins, en stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar ein, hefir úrskurðarvald til að ákveða endanlega hvernig þeim skuli varið, enda sé það ætíð samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Sjóðurinn skal varðveitast og ávaxtast eftir sömu reglum og gilda um fé ómyndugra.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fyrir hvert umliðið almanaksár endurskoðaðir af endurskoðendum búnaðarsambandsreikninganna, og skulu reikningar sjóðsins birtir með reikningum búnaðarsambandsins.

5. gr.

Ef Búnaðarsamband Eyjafjarðar sameinast öðrum búnaðarsamböndum eða leggst niður, ber fundi þeim, sem hefir með upplausn Búnaðarsambands Eyjafjarðar í núverandi mynd að gera, að ráðstafa minningarsjóði þessum á tryggan hátt, svo hann geti starfað áfram að þeim málefnum og á því svæði, sem skipulagsskrá þessi tiltekur.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá sjóðsins.

Hofi í Arnarnesshreppi, 12. des. 1934.

Hannes Davíðsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sæmundar Jónssonar, fyrrum bónda á Járngerðarstöðum í Grindavík“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. desember 1934. Skipulagsskráin er þannig:

130

31. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sæmundar Jónssonar, fyrrum bónda á Járngerðarstöðum í Grindavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sæmundarsjóður og er stofnaður í tilefni af hundrað ára afmæli Sæmundar heitins, 4. september 1934, af undirrituðum syni hans og með samþykki lögerfingja stofnanda. Stofnféð er eitt þúsund krónur.